

Ár í lífi utanríkisráðherra

Bókarhöfundur: **Össur Skarphéðinsson**, fv. utanríkisráðherra.

Bókarheiti: **Ár drekans. Dagbók utanríkisráðherra á umbrotatímum.**

Gagnrýnandi: **Dr. Ólafur Ísleifsson**, lektor.

Útgáfa: **Sögur, Reykjavík 2013, 378 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Bókin er unnin upp úr dagbókum höfundar á árinu 2012. Enda þótt bókin lúti ekki kröfum sagnfræðinnar hefur hún ótvírætt heimildargildi um atburði frá sjónarhóli manns í fremstu röð. Lýst er mikum átökum á vettvangi stjórn-málanna og milli forseta og ríkisstjórnar. Ítarlega er greint frá viðfangsefnum utanríkisráðherra innanlands og utan. Bókin er frábærlega vel skrifuð, fróðleg og skemmtileg.“

Bók dr. Össurar Skarphéðinssonar er unnin upp úr dagbókum hans og segir hann í inn-gangi ekkert dregið undan nema það sem beinlínis meidir eins og hann kemst að orði. Óvist er þó hvernig hann stóð í einstökum atriðum að ritstjórn dagbókanna. Hver dagur myndar eins konar örsögu en nokkrum dögum ársins er sleppt án þess að skýringar séu gefnar á þeim eyðum. Lesandinn fylgist með höfundi í öllum innlanlands og utan. Greint er frá atburðum, fundum og ferðum auk þess sem samtöl undir fjögur augu og í síma eru oftlega rakin. Oft er greint allnákvæmlega frá og fær lesandi þannig innsýn úr návígi á menn og málefni eftir að Össur hefur dregið fortjald frá. Þessi innsýn verður að teljast mjög áhugaverð, ekki síst þegar greint er frá fundum æðstu manna, t.d. í ríkis-stjórn í ríkisráði, á erlendum vettvangi og samtölum við forseta Íslands. Virðist sem höfundi hafi tekist að draga nýja markalínu í þessu efni, en fyrirfram hefði margur talið nær óhugsandi að greina frá slíkum atriðum svo skömmu eftir að atburðir gerðust. Hefur bókin að þessu leyti ótvírætt heimildargildi um atburði frá sjónarhóli manns í fremstu röð. Össur hefur mjög gott vald á tungunni, beitir auðugu myndmáli og býr að ríkulegum orðaforða. Höfundur segist byggja nær eingöngu á sínum eigin skrifuðu heimildum og heimildaskrá er því engin. Nafnaskrá vantar en hún hefði aukið notagildi bókarinnar. Í bókinni liggja ýmis mál sem stef gegnum frásögnina. Hátt ber helstu málefni ríkis-



stjórnarinnar á borð við landsdómsmálið, stjórnarskrá, fiskveiðistjórnun og svonefnda rammalöggjöf í umhverfismálum auk viðfangsefna Össurar í embætti utanríkisráðherra. Á þeim vettvangi fæst hann við margt glaður í sinni og telur ekki eftir sér þeyting milli landa og slímusetur á fundum til að leitast við að tryggja íslenska hagsmuni, t.d. að berjast gegn viðleitni ýmissa þjóða til að koma í veg fyrir að sjávarútvegskafli í viðræðum um aðildarumsókn verði opnaður meðan makríldeilan er óleyst. Hann beitir öllum sínum áhrifum, fornum tengslum og nýjum sem og persónutöfrum. Stríðsástandinu milli Íslands og Noregs í makrílmálinu lýsir Össur ítarlega og íhugar að draga upp Svalbarða, sem hann lýsir sem innsta kjarnanum í norskri utanríkisstefnu, sem stóru Bertu ef með þarf. Össuri er kappsmál að halda Vinstri grænum við efnið í aðildarumsókninni og notar ekki síst rammann, sem hann kallar svo, í því skyni. Hann lýsir uppkomum í tengslum við þessi mál í samstarfi ríkisstjórnarflokkanna og í samningum við stjórnarandstöðuflokkana, pólitískri greiningu og stöðumati þar sem hann er í essinu sínu, viðbrögðum og útspilum í hinu pólitíska reiptogi.

Össur er umtalsfrómur og hallar ekki orði á nokkurn mann í bókinni. Lætur hann lesandanum eftir að fella eigin dóma um orð og gerðir ýmissa af sínum samferðamönnum. Sem dæmi má taka af landsdómsmálinu þegar hann segir hafa runnið upp fyrir sér að fæstir þingmanna Samfylkingarinnar sem voru að ganga til sögulegrar atkvæðagreiðslu sem varðaði líf og framtíð íslensks borgara hefðu lesið varnarskjál hans. Bók Össurar Skarphéðinssonar tekur af öll tvímæli um pólitískar rætur málshöfðunar gegn fyrrum forsætisráðherra. Annað dæmi um dóma Össurar yfir flokkssysteminum sínum eru lýsingar á vinnubrögðum sem hann setti í próflkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík haustið 2012.

Þegar kemur að umfjöllun um hlut einstakra manna ber hátt forystumenn ríkisstjórnarflokkanna sem hann ber vel söguna en lesa verður milli línanna um nánari afstöðu hans til þessara einstaklinga. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er mikilvæg sögupersóna og fellur aldrei skuggi á órofa vináttu þeirra tveggja þótt oft skerist í odda með þeim. Dæmi um þetta er þegar Ögmundur leggur til að skornar verði niður fjárveitingar til ratsjárstöðva og loftrýmisgæslu í bága við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Össur slær þessar tillögur út af ríkisstjórnarborðinu sem fráleitar.

Aðalpersóna bókarinnar, sem skyggir jafnvel á höfundinn með öllum þeim lýsingarorðum sem hann velur sjálfum sér er forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Hann er yfir og allt um kring og nýtur óskoraðrar aðdáunar og tryggðar höfundar. Fyrirferð hans er slík að í samanburði við hann eru aðrir leikarar í verkinu nánast eins og aukapersónur. Þrjár helstu innkomur hans á sviðið snúa að kosningabaráttu í forsetakjöri, ekki síst frægu Sprengisandsviðtali í upphafi hennar þar sem Össur segir hann hafa kastað klasasprenjum í allar áttir, og framgöngu forseta á fundum ríkisráðs 30. ágúst og á gamlársdag. Á fyrri fundinum hirtir forseti ríkisstjórnina eins og Össur orðar það með því að átelja hana fyrir ný stjórnarráðslög og finna að því að lagður sé fyrir hann á fundinum til undirritunar úrskurður um nýja verkaskiptingu innan stjórnarráðsins án þess að kynna hann fyrirfram. Auk þess veltir hann upp túlkun á dómi Landsdóms í átt að stærra og veigameira hlutverki forsetaembættisins en áður. Á gamlársdag flengir hann

ríkisstjórnina, eins og Össur kemst að orði, fyrir að ætla að knýja fram nýja stjórnarskrá sem geyma að dómi forseta misráðin ákvæði um persónukjör, ægivald forsætisráðherra yfir ráðherrum annarra stjórnarflokka og stjórnarmyndanir auk þess sem ríkisráðið væri aflagt.

Á nokkrum stöðum tæpir Össur á málum en þagnar skjótlega og skilur lesandann eftir með áleitnar spurningar. Dæmi um þetta er þegar hann segist ekki hafa verið á sögufrægum fundi Samfylkingarinnar í Þjóðleikhúskjallaranum heldur annars staðar í borginni þar sem verið var að leggja lokahönd á myndun nýrrar ríkisstjórn án þess að rekja það nánar, t.d. hvar og með hverjum. Annað dæmi er óljós vísun í ráðagerðir um þriggja flokka ríkisstjórn Samfylkingar, Vinstri grænna og Framsóknar 2007. Fróðlegt væri að heyra nánar frá höfundum um þessi efni.

Bók Össurar er ekki sagnfræðileg enda er þar ekki leitast við að greina heimildir og vega og meta ólík sjónarmið. Gera má því skóna að tilgangur Össurar með að skrifa bókina svo skömmu eftir atburði sé að setja sitt mark á söguskoðun framtíðar og það sögulega mat sem á eftir að fara fram. Auðvitað verður að taka henni sem slíkri með kostum sínum og göllum. Viðtökurnar við bók Össurar gefa til kynna að fleiri rita frá hans hendi verði beðið með eftirvæntingu. Fleiri úr iðukasti stjórnmalanna mættu gjarnan skrifa bækur sem framlag í stjórnmalasöguna en þeir mega vanda sig ef lesningin á að vera jafn fróðleg og skemmtileg og bókina sem nú kemur frá hendi Össurar Skarphéðinssonar.

Ár dregans? Sýrja má af hverju höfundur velur bókinni þetta heiti. Er hann staddur í kínversku dagatali eða má kannski leita annarra skýringa? Hver kom, sá og sigraði á árinu 2012 og tryggði sér kjör í embætti forseta Íslands fimmta kjörtímabilið fyrstur manna? Maðurinn sem kastaði klasasprenjum í útvarpsviðtalinu er kannski í augum Össurar eins og eldspúandi dreki. Ólafur Ragnar Grímsson bauð sig fram gegn ríkisstjórninni, rann ítrekað á hana eins og dreki og hafði sigur. Ár dregans er í þessum skilningi ár Ólafs Ragnars Grímssonar og er þá heiti bókarinnar vel við hæfi.

